



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Íslenska

Góð kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Þá er lestur mikilvægt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er ein af forsendunum fyrir þátttöku í samfélaginu. Markmið íslenskukennslu í grunnskóla er að gera nemendur hæfa til að tjá sig um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Íslenskunámið skiptist í nokkra þætti; talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Er unnið með þá þætti eina og sér og í samþættingu innan námsgreinarinnar og við aðrar námsgreinar. Leiðarljósið í kennslu móðurmálsins er að auðga orðaforða nemenda sem birtist jafnt í ræðu þeirra sem riti og vekja þá til umhugsunar um ábyrgð þeirra sem málnotenda. Með umfjöllun um fjölbreytileika tungumála og tvítyngi má auka skilning nemenda á því hve móðurmálin eru mörg í íslenskum skólum og stuðla þannig að umburðarlyndi

**Vinnulag:** Unnið verður með alla þætti íslenskunnar sem eina heild. En leitast verður við að hafa verkefni fjölbreytt og áhugavekjandi/hvetjandi. Kennari verður með innlögn, nemendur vinna einstaklingsverkefni og hópverkefni og taka þátt í umræðum tengdum verkefnum

**Námsmat:** Notast er við fjölbreytt námsmat. Þar má nefna frammistöðumat, leiðsagnarmat og formleg próf

**Kennarar:** Guðrún Halldóra Guðmundsdóttir, Hildur Jóhannsdóttir

**Tímaáætlun:** 8 kennslustundir á viku



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

Íslenska

Grunnþættir menntunar 1.-4. bekkur

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð :	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tjáð hugsanir, skoðanir og tilfinningar sínar,</li> <li>• áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði,</li> <li>• þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmýnd.</li> </ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virðir jafnan rétt einstaklinga,</li> <li>• ræktar hæfileika á eigin forsendum,</li> <li>• getur rýnt í margskonar texta án fordóma,</li> <li>• áttar sig á mismunandi þjóðfélagshópum í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli.</li> </ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika,</li> <li>• ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> <li>• tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð.</li> </ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lesið sér til gagns og gleði,</li> <li>• getur lesið fjölbreyttan texta og notað til þess mismunandi lestraraðferðir,</li> <li>• vinnur á fjölbreyttan hátt með læsi eins og t.d. menningarlæsi, umhverfislæsi og upplýsingalæsi,</li> <li>• skapar eigin merkingu og bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les,</li> <li>• þekkir til mismunandi umræðuhefða og orðanotkunar.</li> </ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notar íslensku á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li> <li>• getur rökrætt um margvísleg álitamál og ágreiningsefni,</li> <li>• beitir gagnrýnni hugsun og getur sett sig í spor annarra,</li> <li>• tekur virkan þátt í skólafarfinu.</li> </ul>
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtir ímyndunaraflíð til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins,</li> <li>• tjáir eigin skoðanir og tilfinningar á fjölbreyttan hátt.</li> </ul>

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

Íslenska við lok 4. bekkjar:				
Hæfniviðmið Við lok 4. bekkjar getur nemandi:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	B matsviðmið Nemandi getur:
<u>Talað mál, hlustun og áhorf</u> <ul style="list-style-type: none"> <li>hlustað og horft með athygli á upplestur, frásagnir, innlagnir og fyrirmæli og unnið úr upplýsingum sem þar koma fram</li> <li>tjáð sig fyrir framan hóp og staðið fyrir máli sínu</li> <li>lesið eigin verk fyrir samnemendur</li> <li>beitt skýrum og áheyrilegum framburði</li> <li>endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið</li> <li>tekið þátt í leikrænni tjáningu</li> <li>átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Margs konar textar s.s. skáldsögur og fræðslutexti</li> <li>valin ljóð</li> <li>myndbönd</li> <li>frumsamið efni</li> <li>verkefni frá kennara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>framsögn þjálfuð með upplestri á eigin verkum og annarra, sögum, ljóðum og kynningu á verkefnum</li> <li>þátttaka í umræðum þar sem nemendur segja frá upplifun sinni, tjá skoðanir sínar og hugmyndir</li> <li>leikræn tjáning þjálfuð</li> <li>einstaklingsvinna</li> <li>hópavinna</li> <li>samvera á sal (t.d. Föstudagsfjör)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>frammistöðumat</li> <li>leiðsagnarmat</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>beitt áheyrilegum framburði, hlustun og áhorfi.</li> <li>tjáð sig með leikrænni tjáningu frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu.</li> <li>sýnt skilning í framsögn, hlustun og áhorfi.</li> </ul>
<u>Lestur og bókmenntir</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>ýmsar bækur sem</li> </ul>			<ul style="list-style-type: none"> <li>lesið nokkuð skýrt og af skilningi almenna</li> </ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið sér til gagns og gamans, upphátt og í hljóði</li> <li>• lesið sögur, ljóð og fræðandi efni sem hæfir lestrargetu</li> <li>• valið lesefni eftir áhugasviði og hæfni</li> <li>• sýnt góðan lesskilning, spurt spurninga úr efni og dregið ályktanir</li> <li>• þekki bókmenntahugtök, s.s.sögupersóna, söguþráður, umhverfi og boðskapur, sögusvið, kvæði, vísa, ljóðlína og rím</li> <li>• greint aðalatriði í texta</li> <li>• nýtt góðan orðaforða og ráða í merkningu orða út frá samhengi</li> <li>• lesið fyrirmæli og fylgt þeim,</li> <li>• lesið úr einföldum skýringarmyndum, táknum og kortum</li> <li>• aflað sér upplýsinga í bókum og á rafrænu formi,</li> </ul>	<p>unnið er með í Byrjendalæsi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Náttúrufræði- og samfélagsfræðibækur samþættar við Byrendalæsi</li> <li>• lestrarbækur</li> <li>• vinnubækur</li> <li>• bækur af bókasafni sem nemendur velja sér sjálfir</li> <li>• ýmsar ljóðabækur</li> <li>• verkefni frá kennara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• heimalestur í frjálislestrarbókum</li> <li>• hljóðlestur í skólanum</li> <li>• paralestur</li> <li>• samlestur</li> <li>• upplestur</li> <li>• byrjendalæsi</li> <li>• margskonar textar lesnir og unnið með þá s.s.fræðigreinar, fræðibækur, fréttatengt efni o.fl.</li> <li>• lesskilningur þálfaður</li> <li>• orðaforði efldur, einstök orð, orðatiltæki og málshættir</li> <li>• hugtakakort</li> <li>• unnið með margvísleg ljóð</li> <li>• ljóðagerð</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hraðlestrarpróf tekið þrisvar sinnum. Viðunandi árangur ef nemendur lesa 170-230 atkvæði á mínútu</li> <li>• Orðarún: lesskilningspróf lögð fyrir þrisvar á vetri <ul style="list-style-type: none"> <li>• leiðsagnarmat</li> <li>• frammistöðumat</li> <li>• formleg próf byggð á námsmarkmiðum lögð fyrir tvisvar á vetri</li> </ul> </li> <li>• Nemendur taka samræmt próf í íslensku og stærðfræði að hausti</li> <li>• LOGOS skimunarpróf í lestri lagt fyrir nemendur sem eiga í lestrarvanda í skólabyrjun</li> </ul>	<p>texta</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geti valið lesefni tengt áhuga sem hæfir lestrargetu og þekkingu</li> <li>• nýtt sér eigin orðaforða til að skilja texta út frá samhengi</li> <li>• þekkir nokkur form bókmenntatexta.</li> </ul>
---	--	---	---	---

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<ul style="list-style-type: none"> <li>lesið að lágmarki 170 – 230 atkvæði á mínútu að vori.</li> </ul>				
<p><u>Ritun</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega</li> <li>skrifað texta eftir upplestri</li> <li>samið texta frá eigin brjósti, s.s. frásögn, sögu, ljóð eða skilaboð</li> <li>nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, s.s. upphaf, meginmál og niðurlag</li> <li>beitt einföldum stafsetningarreglum</li> <li>nýtt sér fyrirmyndir í ritun, s.s. af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,</li> <li>beitt fjölbreyttum orðaforða</li> <li>skrifað texta í tölvu og beitt einföldustu aðgerðunum í ritun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>margskonar ritunarefni</li> <li>Skrift 3/Skrift 4</li> <li>verkefni frá kennara</li> <li>bækur og annað efni út frá Byrjendalæsi og <b>Orð af orði</b></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>þjálfun í að semja margs konar texta bæði heima og í skóla, t.d. sögur, sendibréf, fréttir, auglýsingar og ljóð</li> <li>umræður og skoðanaskipti um bókmenntatexta, s.s. um höfunda, boðskap, forspár, persónulýsingar, orðaval</li> <li>unnið með ritunarramma</li> <li>skrifa í forskriftarbækur, heima og í skóla</li> <li>margmiðlun nýtt við vinnu í ritun</li> <li>vinna með heimildir og upplýsingar</li> <li>stafsetning þjálfuð með ýmsum hætti, s.s. upplestri, sóknarskrift</li> <li>einstaklings-, para- og hópavinna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>leiðsagnarmat</li> <li>frammistöðumat</li> <li>sjálfsmat</li> <li>jafningjamat</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>beitt grunnþáttum í byggingu texta í ritun, s.s. upphafi, meginmáli og niðurlagi</li> <li>beitt einföldum stafsetningarreglum í ritun.</li> </ul>
<p><u>Málfræði</u></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>geta raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>bækur í byrjendalæsi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>innlagnir</li> <li>umræður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>samræmt próf í íslensku að hausti</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>gert sér grein fyrir hlutverki málfræði í</li> </ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>notagildi þess við leit og skipulag</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekja og noti greinarmerkin punkt, kommu og spurningarmerki</li> <li>• greint mun á sérnöfnum og samnöfnum</li> <li>• greint mun á andheitum og samheitum,</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, sagnorða og lýsingarorða</li> <li>• þekki kyn og tölu nafnorða</li> <li>• þekkir nútíð og þátíð</li> <li>• leika sér með ýmis einkenni tungumálsins, s.s. margræðni orða</li> <li>• búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta</li> <li>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi með góðum orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinnubækur</li> <li>• verkefni frá kennara</li> <li>• námsleikir og spil</li> <li>• hópa-, para- og einstaklingsvinna</li> <li>• samvinnunám</li> <li>• námsleikir og spil</li> <li>• hlutbundnar æfingar</li> <li>• skriflegar æfingar</li> <li>• margmiðlun nýtt við vinnu í málfræði.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• verklegar æfingar</li> <li>• hópavinna</li> <li>• einstaklingsvinna</li> <li>•</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• formlegt námsmat tvisvar á vetri</li> <li>• leiðsagnarmat</li> <li>• frammistöðumat</li> </ul>	<p>tungumálinu og þekkir nokkur málfræðihugtök.</p>
---	--	--	---	---



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### **Stærðfræði**

Stærðfræði er samofin menningu og þjóðfélagsháttum. Lágmarksstærðfræðikunnátta er hverjum manni nauðsynleg. Við iðkun stærðfræðinnar hefur myndast sérhæft tungumál til að miðla upplýsingum og hugmyndum sem erfitt væri að koma á framfæri á annan hátt. Þáttur stærðfræði birtist í þörf fólks fyrir að leysa þau verkefni sem upp koma og leita lausna og finna hið óþekkt. Stærðfræðin hefur orðið að alþjóðlegu tungumáli og verkfæri til að miðla upplýsingum og hugmyndum. Hlutverk hennar er að lýsa og túlka viðfangsefni og segja fyrir um framvindu. Stærðfræðin tengist tilraunum manna til að skilja heiminn og gefur dæmi um sköpunargáfu mannsins. Aukin tölvunotkun kallar á breytta stærðfræðiþekkingu fólks. Mikilvægt er að flestir geti tekið afstöðu og metið upplýsingar af tölulegum toga og þannig orðið að virkum þátttakendum í þjóðfélaginu. Til þess þarf þekkingu og rökvísi og nægilegt sjálfstraust til að beita stærðfræðinni. Stærðfræðin helst í hendur við náttúruvísindin og er undirstaða framfara í tækni og vísindum. Hún kemur við sögu tónlistar, byggingarlistar og myndlistar. Traust undirstaða í stærðfræði er grundvöllur fyrir allt nám tengt náttúru- og raunvísindum. Stærðfræðikennsla í grunnskóla þarf að stuðla að því að nemendur tileinki sér það viðhorf að ná góðum tókum á stærðfræði og hæfni í að setja fram og leysa þrautir. Einnig þurfa nemendur að öðlast hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og tungumál stærðfræðinnar til að ræða og færa fram rök fyrir tilgátum, útreikningum og niðurstöðum. Nemendur þurfa að tileinka sér hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni. Nemendur þurfa að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði og hafa trú á eigin getu. Nemendur þurfa að finna að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg í daglegu lífi.

**Vinnulag:**

**Námsmat:**

**Kennarar:**

**Tímaáætlun:**



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Stærðfræði

#### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> <li>• hefur jákvætt viðhorf til stærðfræðinnar og trú á eigin getu,</li> <li>• nýtir stærðfræðikunnáttu við útreikninga við ýmislegt sem tengist heilbrigði og lífsstíl,</li> <li>• áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði.</li> </ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• gerir sér grein fyrir mikilvægi eigin framlags í samvinnu,</li> <li>• ber virðingu fyrir hugmyndum og framlagi annarra,</li> <li>• virðir jafnrétti í margbreytileikanum.</li> </ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt við úrlausn verkefna,</li> <li>• tekur tillit til áhugamála, skoðana og aðferða annarra,</li> <li>• hefur umburðarlyndi að leiðarljósi,</li> <li>• getur rökrætt stærðfræðiaðferðir og viðfangsefni með því að beita gagnrýnni umræðu.</li> </ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur yfirfært þekkingu sína á stærðfræði á umhverfið og daglegt líf,</li> <li>• getur notað hugtök og tákni stærðfræðinnar,</li> <li>• notar upplýsingalæsi og stafrænt læsi,</li> <li>• er stærðfræðilæs, les úr stærðfræðitáknum, vinnur með hugtakaskilning og breytir úr ritmáli í táknmál stærðfræðinnar og öfugt.</li> </ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur notað stærðfræðina til að meta vistspor jarðar,</li> <li>• tengir stærðfræðina endurnýtingu og umhverfismennt,</li> <li>• tengir stærðfræðina við útgjöld í daglegu lífi,</li> <li>• gerir sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa,</li> <li>• sýnir sjálfstæð vinnubrögð – getur fundið eða valið ólíkar leiðir við</li> </ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<p>að leysa verkefni,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur miðlað öðrum af eigin þekkingu.</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virkjar hugmyndaflugið og innsæið, sýnir frumkvæði við lausn viðfangsefna,</li> <li>• nýtir stærðfræðina á skapandi hátt,</li> <li>• getur notið fegurðarinnar og undursins í stærðfræðinni,</li> <li>• leitar svara, tengir, rannsakar og veltir vöngum,</li> <li>• fer margar leiðir til að læra og þróa hugmyndir sínar,</li> <li>• nýtir umhverfið til sköpunar,</li> <li>• getur hugsað út fyrir rammann og fundið nýjar leiðir.</li> </ul>

Stærðfræði við lok 4. bekkjar:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat	B Matsviðmið Nemandi getur:
<u>Að geta spurt og svarað með stærðfræði</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra.</li> <li>• með lítilli aðstoð tjáð, útskýrt, leitað lausna, sett fram og rökstutt viðfangsefni í stærðfræði, rætt og unnið með</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið með stærðfræðiprautir og leiki,</li> <li>• rökræður,</li> <li>• nota hjálpargögn og verkfæri,</li> <li>• teikna og nota skýringarmyndir, myndrit og tíðnitöflur.</li> <li>• Beita ýmsum aðferðum við úrlausnir.</li> <li>• stöðvavinna.</li> <li>• innlagnir og sýnikennsla</li> <li>• námsspil</li> <li>• hópavinna</li> <li>• paravinna</li> </ul>	Símat Lokamat Yfirlitspróf	

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi.	<ul style="list-style-type: none"> <li>einstaklingsvinna</li> </ul>		
<u>Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.</li> <li>leyst og túlkað viðfangsefni og notað skýringarmyndir,</li> <li>beitt hugtökum, táknmáli, og verkfærum og tekið þátt í samræðum við lausn og rannsóknir verkefna,</li> <li>nýtt myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli (aðgerðum) stærðfræðinnar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>unnið með stærðfræðiprautir og leiki,</li> <li>rökræður,</li> <li>nota hjálpargögn og verkfæri,</li> <li>teikna og nota skýringarmyndir, myndrit og tíðnitöflur.</li> <li>Beita ýmsum aðferðum við úrlausnir.</li> <li>stöðvavinna.</li> <li>innlagnir og sýnikennsla</li> <li>námsspil</li> <li>hópavinna</li> <li>paravinna</li> <li>einstaklingsvinna</li> </ul>	Símat Lokamat Yfirlitspróf	
<u>Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með áþreifanlegum gögnum.</li> <li>notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>kynna eigin leiðir að lausnum,</li> <li>vinna á hlutbundinn hátt með tölur og tengja við raunveruleikann,</li> <li>að tákna tölur á mismunandi vegu, m.a. með kubbum, peningum o.s.frv..</li> </ul>	Símat Lokamat Yfirlitspróf	

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<p>sem takast þarf á við í daglegu lífi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• geri sér grein fyrir verðgildi peninga.</li> <li>• borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðin hefur til að lýsa veruleikanum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nota smáforrit og vefslóðir.</li> </ul>		
<u>Tölur og reikningur</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman</li> <li>• kunni á tugakerfið</li> <li>• tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi,</li> <li>• gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi.</li> <li>• leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með tölur,</li> <li>• reikna dæmi með einingum, tugum, hundruðum og þúsund og tengja við sætisgildi,</li> <li>• vinna á fjölbreyttan hátt við lausn samlagninga-, frádráttardæma, margföldunar- og deilingardæma,</li> <li>• nota smáforrit og vefslóðir í stærðfræði,</li> <li>• nota hjálpargögn og verkfæri,</li> <li>• stærðfræðisögur/orðadæmi</li> <li>• tákna tölur á mismunandi vegu, m.a. með kubbum, peningum o.s.frv.</li> <li>• vinna á hlutbundinn hátt með hlutföll og brot og tengja daglegu lífi.</li> </ul>	Símat Lokamat Yfirlitspróf	
<u>Algebra</u>	Kannað, búið til og	<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með einföld talnamynstur,</li> </ul>	Símat	

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<p>tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.</p> <p>Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.</p>	<p>t.d hvernig margföldunartöflurnar mynda mynstur í hundraðtöflu,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>útskýra hvernig ákveðið mynstur er búið til,</li> <li>óþekkt stærð fundin.</li> <li>fjölbreytt verkfæri notuð til að öðlast skilningá vinnubrögðum, hugtökum og reglum stærðfræðinnar,</li> <li>beitum mismunandi aðferðum við úrlæsnir.</li> </ul>	<p>Lokamat Yfirlitspróf</p>	
<u>Rúmfræði og mælingar</u>	<ul style="list-style-type: none"> <li>notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form stærðir og staðsetningu til að tala um hluti í daglegu lífi.</li> <li>rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölvur og hlutbundin gögn,</li> <li>unnið með</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>vinna með tví- og þrívíð form á hlutbundinn hátt,</li> <li>spegla og hliðra einföldum myndum,</li> <li>hanna rúmfræðileg mynstur,</li> <li>vinna með flatarmál, ummál og horn og tengja við raunveruleikann,</li> <li>vinna með tímann og tengja við raunveruleikann,</li> <li>vinna með einfaldar myndir í hnitakerfinu,</li> <li>útikennsla.</li> </ul>	<p>Símat Lokamat Yfirlitspróf</p>	

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<p>mælikvarða og lögun</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum og viðeigandi mælikvarðar notaðir,</li> <li>• speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn,</li> <li>• borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.</li> </ul>			
<u>Tölfræði og líkindi</u>	<p>Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföldu myndriti. Tekið þátt í umræðum um gagansöfnun og myndrit, bæði eigin og annara. Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað e tilviljun.</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• safna og flokka gögn í viðeigandi flokka,</li> <li>• gera eigin kannanir og setja fram í myndrænar niðurstöður.</li> </ul>	Símat Lokamat Yfirlitspróf	



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Náttúrugreinar

Undir náttúrugreinar heyra meðal annars náttúrufræði, eðlisvísindi, jarðvísindi, lífvísindi og umhverfismennt. Þessar greinar fléttast saman og mynda heild sem stuðlar að því að nemendur skynji að þeir séu hluti af náttúrunni. Mikilvægt er að nemendur fái góða þekkingu í náttúrufræði og öðlist hæfni og leikni í að umgangast og njóta náttúrunnar. Þeir fá innsýn á ábyrgð mannsins á umhverfi sínu og mikilvægi góðs samspils hans við náttúru og tækni. Nemendur kynnast leiðum til að efla læsi á umhverfið og fá innsýn í undirstöðupætti sjálfbærrar þróunar. Þeir skynja þar með að umhverfi, velferð, efnahagur og samfélag er órofin heild. Virðing og ábyrgð hvers og eins á náttúrunni og verndun hennar skiptir höfuðmáli í nútímaþjóðfélagi og nemendur þurfa að geta tekið afstöðu til mála sem koma upp hvað varða náttúruvernd og nýtingu auðlinda. Nemendur kynnast nokkrum af grundvallarkenningum náttúrufræðinnar til að geta beitt þeim í áframhaldandi náttúrufræðinámi. Með því að ræða um viðfangsefnið eykst skilningur á hugtökum og vísindalæsi í náttúrufræði. Tilraunir hjálpa nemendum að temja sér vísindaleg vinnubrögð. Þannig verður vinna þeirra markvissari og þeir þjálfast í að safna gögnum og túlka þau með hjálp tækja og ýmissa miðla. Útikennsla gerir nemendum kleift að kynnast náttúrunni. Útiveran vekur upp forvitni nemenda og hjálpar þeim að skilja hana og virða. Þannig opnast augu þeirra fyrir töfrum náttúrunnar og hvernig best er að njóta hennar.

**Vinnulag:**

**Námsmat:**

**Kennarar:**

**Tímaáætlun:**



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Náttúrugreinar

#### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> <li>þroski með sér: jákvæða sjálfsmynd, andlega- og líkamleg vellíðan, góð samskipti og skilning á eigin tilfinningum og annarra,</li> <li>hafi í huga: gildi hreyfingar, góðrar næringar, hvíldar og hreinlætis,</li> <li>tileinki sér jákvæð viðhorf gagnvart umhverfi, náttúru og samfélagi.</li> </ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li>skilji og virði jafnrétti,</li> <li>geti ræktað hæfileika sína með vali á fjölbreyttum verkefnum/viðfangsefnum og útfærslu,</li> <li>geri sér grein fyrir mikilvægi fjölbreytileika lífvera og vistkerfa.</li> </ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> <li>vera virkur þátttakandi í skólastarfi og lýðræðissamfélagi og efla með sér gagnrýna hugsun,</li> <li>sýni sjálfum sér, umhverfi og náttúru virðingu,</li> <li>notfæri sér fræðslu og þekkingu til þess að breyta venjum sínum gagnvart eigin lífi og aðstæðum, með neysluvenjum og umhyggju fyrir sínu nánasta umhverfi,</li> <li>átti sig á samspili fólks við náttúruna og áhrif til framtíðar.</li> </ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>geti lesið fjölbreytta texta og leitað upplýsinga um náttúruvísindi sér til gagns,</li> <li>geti vegið og metið upplýsingar með gagnrýnum hætti,</li> <li>notað hugtök úr náttúruvísindum í daglegu lífi,</li> <li>geti lesið í og skilið náttúruleg og manngerð fyrirbæri.</li> </ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> <li>efli umhverfisvitund; þekkingu, skilning og væntumþykju á náttúru, umhverfi og fólki,</li> </ul>

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• auki vilja til náttúruverndar og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúru og mannlífs,</li> <li>• læri að meta mikilvægi auðlinda og verndun þeirra,</li> <li>• velti fyrir sér afstöðu sinni til álitamála og leiti lausna í umhverfismálum,</li> <li>• geri sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temji sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa í nútíð og framtíð.</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• örvi ímyndunarafli og gagnrýna hugsun með umræðum og spurningum,</li> <li>• nýti hæfileika sína til að skapa afurðir,</li> <li>• virki hugmyndaflug til að vinna og finna lausnir á verkefnum.</li> </ul>

### Hæfniviðmið um verklag

Náttúrugreinar við lok 4. bekkjar:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
Geta til aðgerða <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið frumkvæði við öflun upplýsinga til að skoða tiltekið málefni frá ýmsum sjónarhornum.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• útikennsla,</li> <li>• vettvangsferðir,</li> <li>• umræður,</li> <li>• umhverfisskoðun (inni og úti),</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• tjáning og sköpun,</li> <li>• leikir og söngur,</li> <li>• tilraunir,</li> <li>• margmiðlun við verkefnavinnu,</li> <li>• heimildaöflun,</li> <li>• samþætting við</li> </ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

		byrjendalæsi.		
<p>Nýsköpun og hagnýting þekkingar</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• unnið eftir verkferli nýsköpunar, þ.e. leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólks, fundið lausn, hannað afurð.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• vettvangsferðir,</li> <li>• umræður,</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• tjáning og sköpun,</li> <li>• margmiðlun við verkefnavinnu,</li> <li>• nýsköpun,</li> <li>• samþætting við byrjendalæsi.</li> </ul>		
<p>Gildi og hlutverk vísinda og tækni</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum,</li> <li>• útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• tjáning og sköpun,</li> <li>• margmiðlun við verkefnavinnu,</li> <li>• samþætting við byrjendalæsi.</li> </ul>		
Vinnubrögð og færni				
<p>Ábyrgð á umhverfinu</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• útikennsla,</li> <li>• vettvangsferðir,</li> <li>• umræður,</li> <li>• umhverfisskoðun (inni og úti),</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• tjáning og sköpun,</li> </ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• margmiðlun við verkefnavinnu,</li> <li>• nýsköpun,</li> <li>• samþætting við byrjendalæsi.</li> </ul>		
--	--	--	--	--

### Hæfniviðmið um viðfangsefni

Náttúrugreinar við lok 4. bekkjar				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
Að búa á jörðinni <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar til að lýsa heimabyggð.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• umræður,</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• tjáning og sköpun,</li> <li>• margmiðlun við verkefnavinnu,</li> <li>• heimildaöflun.</li> </ul>		
Lífsskilyrði manna				
Náttúra Íslands <ul style="list-style-type: none"> <li>• greint á milli algengustu orkujafa á Íslandi.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• vettvangsferðir,</li> <li>• umræður,</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• fræðslu- og heimildarmyndir,</li> <li>• margmiðlun við</li> </ul>		

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

		verkefnavinnu, • heimildaöflun.		
Heilbrigði umhverfisins <ul style="list-style-type: none"> <li>• sett í samhengi mismunandi ástand efna og eiginleika þeirra,</li> <li>• gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita,</li> <li>• rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• útikennsla,</li> <li>• vettvangsferðir,</li> <li>• umræður,</li> <li>• umhverfisskoðun (inni og úti),</li> <li>• tilraunir,</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• tjáning og sköpun,</li> <li>• margmiðlun við verkefna vinnu,</li> <li>• heimildaöflun,</li> <li>• samþætting við byrjendalæsi.</li> </ul>		
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu <ul style="list-style-type: none"> <li>• flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra,</li> <li>• rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum,</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• útikennsla,</li> <li>• vettvangsferðir,</li> <li>• umræður,</li> <li>• umhverfisskoðun (inni og úti),</li> <li>• tilraunir,</li> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• tjáning og sköpun,</li> <li>• fræðslu- og heimildarmyndir,</li> <li>• margmiðlun við verkefnavinnu,</li> </ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<ul style="list-style-type: none"><li>• lýst eiginleikum hljóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tilliti til hljóðs og lita,</li><li>• sagt frá þróun algengra rafmagnstækja og áhrifum segla.</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>• heimildaöflun,</li><li>• nýsköpun,</li><li>• samþætting við byrjendalæsi.</li></ul>		
--	--	---	--	--



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### **Samfélagsgreinar**

Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði, jafnréttismál, heimspeki og siðfræði. Þessum námsgreinum er ætlað að efla skilning nemenda á ákveðnum grundvallargæðum mannlegs lífs og skiptingu þeirra, svo sem réttlæti, frelsi, þekkingu, vináttu, virðingu og ábyrgð. Markmið samfélagsfræðigreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu. Þeim er ætlað að gera nemendum kleift að nálgast samfélagsleg og siðferðileg álitamál með hjálp samræðunnar og láta afstöðu sína mótast af rökum. Hver fræðigrein innan samfélagsgreinanna gegnir ákveðnu hlutverki. Í sögukennslu er byggt á heildstæðri og fjölbreyttri skoðun heimilda um samfélög og einstaklinga frá fortíð til samtíma. Landafræðin fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum með hliðsjón af víxlverkun manns og náttúru. Trúarbragðafræði er ætlað að auka skilning á trúarbrögðum og ólíkum trúarhefðum með umburðarlyndi og vísýni að leiðarljósi. Lífsleikni, siðfræði og þjóðfélagsfræði gegna einnig mikilvægu hlutverki við að styrkja áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd nemenda. Með kennslu í samfélagsfræði er nemandinn virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi.

**Vinnulag:**

**Námsmat:**

**Kennarar:**

**Tímaáætlun:**



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Samfélagsgreinar

#### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"><li>• veit að heilbrigður lífstíll hefur áhrif á velferð og jákvæða sjálfsmynd,</li><li>• getur unnið út frá eigin áhugasviði og styrkleikum í því skyni að auka sjálfstraust og þekkja tilfinningar sínar,</li><li>• tekur þátt í að miðla málum og setur sig í spor annarra,</li><li>• hefur skilning á eigin tilfinningum og annarra,</li><li>• eflist í samskiptum, uppbyggingu sjálfsmyndar, ákvarðanatöku, markmiðasetningu og streitustjórnun,</li><li>• skilur þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan.</li></ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"><li>• hefur jafnrétti að leiðarljósi og veit að jafnrétti er margþætt hugtak,</li><li>• temur sér gagnrýna hugsun,</li><li>• gerir sér grein fyrir að allir þjóðfélagsþegnar eiga að vera jafnir fyrir lögum,</li><li>• áttar sig á og virðir mismunandi þjóðfélagshópa.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• kemur fram við aðra af virðingu og ábyrgð,</li><li>• tileinkar sér lýðræðislegan hugsunarhátt og vinnubrögð,</li><li>• virðir mismunandi skoðanir,</li><li>• þekkir réttindi sín, skyldur og ábyrgð,</li><li>• veit að í lýðræðisríki eiga allir að búa við mannréttindi,</li><li>• hefur tamið sér jákvætt viðhorf og siðferði sem eru mikilvægir þættir í lýðræðisríki,</li><li>• ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• er læs á umhverfi sitt,</li><li>• er læs á öllum sviðum nútímalæsis, notar t.d. upplýsingalæsi,</li></ul>

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<p>stafrænt læsi, samskiptalæsi og tilfinningalæsi,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• er virkur þátttakandi í að umskapa og umskrifa heiminn,</li> <li>• bregst á persónulegan og skapandi hátt við því sem hann les,</li> <li>• þekkir til umræðuhefðar og orðanotkunar tungumálsins,</li> <li>• getur lesið sér til gagns og gleði,</li> <li>• tjáir sig um viðfangsefni sín og notar hugtök sem tengjast því,</li> <li>• er læs á menningu og menningarverðmæti.</li> </ul>
<p><b>Sjálfbærni</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tekist á við fjölbreytt álitamál og ágreiningsefni,</li> <li>• áttar sig á samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í samfélagi sínu,</li> <li>• sýnir frumkvæði, sjálfstæði og tekur virkan þátt í viðfangsefnum,</li> <li>• öðlist aukna umhverfisvitund og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs,</li> <li>• gerir sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temur sér lífsvenjur sem stuðla að heilbrigði jarðar og jarðarbúa,</li> <li>• sýnir áhuga og vilja til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu,</li> <li>• beitir gagnrýnni hugsun og setur sig í spor annarra,</li> <li>• tekur ábyrgð á eigin gjörðum og hegðun,</li> <li>• tekur þátt í að skapa samábyrgt samfélag.</li> </ul>
<p><b>Sköpun</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virkjar hugmyndaflugið og nýtir það í að finna nýstárlegar lausnir,</li> <li>• nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>• nýtir hæfileika sína til að skapa afurð,</li> <li>• tileinkar sér gagnrýna hugsun og aðferðir sem opna sífellt nýja möguleika,</li> <li>• hefur færni í leikrænni túlkun, tjáningu og framsögn.</li> </ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

Samfélagsgreinar við lok 4. bekkjar:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
<p>Reynsluheimur Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemanda til að skilja veruleikann.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• aflað sér og nýtt vitneskju um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum,</li> <li>• nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar,</li> <li>• áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra,</li> <li>• sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir,</li> <li>• velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,</li> <li>• komið auga á nokkra þætti sem hafa haft</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• einstaklings-, para- og hópavinna,</li> <li>• upplýsingaöflun í gegnum rafræna miðla og uppfléttiritum og nýta í verkefnavinnu,</li> <li>• hlutverkaleikir, námsleikir og leikræn tjáning</li> <li>• söguaðferð,</li> <li>• námsleikir, spil og spurningakeppnir,</li> <li>• landnámsaðferð,</li> <li>• vettvangsferðir.</li> </ul>		





## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga,</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum,</li><li>• sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu,</li><li>• velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni,</li><li>• áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa,</li><li>• komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið,</li><li>• nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og</li></ul>				
--	--	--	--	--

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

bókmenntum.				
<p>Hugarheimur Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• bent á dæmi um hefðbundin kynhlutverk og breytingar á þeim,</li> <li>• gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna,</li> <li>• sett sig í spor annarra jafnaldra,</li> <li>• sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• leikræn tjáning og hlutverkaleiki,</li> <li>• klípusögur og verkefni sem reyna á siðferðileg gildi,</li> <li>• skoðanaskipti og rökræða,</li> <li>• verkefni sem reyna á sjálfskoðun og gagnrýnin hugsun,</li> <li>• setji sér viðmið í félags- og námsfærni og skólahæfni.</li> </ul>		
<p>Félagsheimur Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hlustað á og greint að ólíkar skoðanir,</li> <li>• rætt um valin samfélagsleg og siðferðileg málefni,</li> <li>• rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• aðferðir sem reyna á samskipti eins og bekkjarfundir, hópavinna,</li> <li>• framsögn,</li> <li>• skoðanaskipti,</li> <li>• verkefni sem reyna á siðferðileg gildi og umræður,</li> <li>• upplýsingaöflun í gegnum rafræna miðla og uppfléttiritum og</li> </ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,</p> <ul style="list-style-type: none"><li>tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti, sett sig inn í málefni nærsamfélagsins.</li></ul>		<p>nýta í verkefnavinnu,</p> <ul style="list-style-type: none"><li>taka þátt í samfélagsverkefnum eins og sjálfboðastarfi.</li></ul>		
--	--	--	--	--



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### **Erlend tungumál / enska**

Helsti tilgangur tungumálanáms er að nemendur öðlist margvíslega hæfni til að nota viðkomandi tungumál sem verkfæri á fjölbreyttan hátt og við ólíkar aðstæður. Nemendur öðlist hæfni til að tileinka sér inntak í töluðu og rituðu máli og hæfni til að meta og nýta sér þá þekkingu sem aflað er. Þeir eiga að fá tækifæri til að tengja inntak námsins eigin reynslu, aðstæðum og áhugamálum. Nemendur öðlist leikni í að beita málinu hnökralítið í frásögnum og samskiptum. Námið á að veita nemendum tækifæri til að nota málið á skapandi hátt í ræðu og riti. Enskan gegnir lykilhlutverki í alþjóðasamskiptum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu sem getur skipt sköpum til að mynda þegar þarf að koma íslenskum þekkingariðnaði, sjónarmiðum eða hagsmunum á framfæri á alþjóðamarkaði. Eftir því sem enskan styrkist í sessi sem alþjóðlegt samskiptamál, bæði í atvinnulífi og frístundum, verður gildi góðrar enskukunnáttu augljóst. Upplýsinga- og margmiðlunarheimurinn gerir einnig kröfur um enskukunnáttu.

**Vinnulag:** . Nemendur fá tækifæri til að þjálfast í að nota og skilja einfalt mál er varðar þá sjálfa og nánasta umhverfi þeirra . Þeir horfa og hlusta á einföld kennslumyndbönd sér til gagn og gamans. Þeir þjálfast í að skilja, lesa og skrifa einfaldan texta með grunnorðaforða og halda uppi einföldum samræðum. Nemendur vinna ýmis verkefni til þjálfunar m.a. úr verkefnabók, lesbók og af Veraldarvefnum

**Námsmat:** Leiðsagnarmat , þátttaka í tímum, verkefnabækur metnar

**Kennarar:** Guðrún Halldóra Guðmundsdóttir og Hildur Jóhannsdóttir

**Tímaáætlun:** 1-2 kennslustundir á viku



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Erlend tungumál

#### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"><li>• stuðlar að jákvæðum skólabrag með tillitsemi og virðingu,</li><li>• nýtir styrkleika sína í vinnu og í samstarfi við aðra,</li><li>• getur tjáð hugsanir, tilfinningar og skoðanir sínar á erlendum tungumálum.</li></ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"><li>• sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum,</li><li>• áttar sig á mismunandi þjóðfélagshópum í samfélaginu sem þurfa að vinna saman á jafnréttisgrundvelli,</li><li>• tekur tillit til skoðana annarra,</li><li>• þekkir og virðir mismunandi menningarheima,</li><li>• gerir sér grein fyrir að allir eiga jafna möguleika.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• kemur fram við samnemendur og aðra innan skólans af virðingu og tillitsemi,</li><li>• vegur og metur viðfangsefni sín og annarra á gagnrýninn hátt,</li><li>• temur sér siðfræðileg gildi í tungumálanáminu og í umgengni sinni við aðra,</li><li>• tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• er læs á menningu og menningarverðmæti,</li><li>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast verkefnum í erlendum tungumálum,</li><li>• getur lesið fjölbreyttan texta og notað til þess mismunandi lestraraðferðir.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• notar erlend tungumál á fjölbreyttan og skapandi hátt,</li><li>• tekst á við álitamál í ræðu og riti,</li><li>• sýnir frumkvæði og sjálfstæði í námi,</li></ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• þróar með sé gagnrýna hugsun og nýtir hana á uppbyggilegan hátt.</li> <li>• nýtir tæknina á skapandi hátt,</li> <li>• nýtir hæfileika sína og vinnur á skapandi hátt,</li> <li>• virkjar hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir á viðfangsefnum,</li> <li>• nýtir ímyndunaraflíð til að leika sér með ýmsa möguleika tungumálsins,</li> <li>• tekst á við áskoranir og sýnir forvitni.</li> </ul>
---------------	---

Enska við lok 4. bekkjar				
Hæfniviðmið Við lok 4. bekkjar getur nemandi	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
<p><b>Hlustun:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt</li> <li>• skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum</li> </ul> <p><b>Lesskilningur:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu</li> </ul> <p><b>Samskipti:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• spurt og svarað á enfaldan</li> </ul>	<p>Speak out, Workout, Adventure Island of English Words, hljóðdiskar, Kennsluefni af Veraldarvefnum t.d. You tube, forrit í spjaldtölvu, krossgátur, orðasúpur, ýmis verkefni frá kennara</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• einfalt mynd- og hlustunarefni</li> <li>• söngvar</li> <li>• leikir og skapandi vinna</li> <li>• samtöl</li> <li>• framburðaræfingar</li> <li>• nemendur taka virkan þátt í verkefnum kennslustunda, munnlegum og skriflegum</li> <li>• kynning á löndum þar sem enska er aðal tungumálið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virkni nemenda í tímum metin og vinna í verkefnabókum</li> <li>• leiðsagnarmat</li> <li>• símat</li> </ul>	

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>hátt um það sem stendur honum næst</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar</li> </ul> <p><b>Ritun:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá t.d. mynd eða hlut</li> <li>• lýst í einföldu máli því er næst honum t.d. vinum, fjölskyldu áhugamálum og nánasta umhverfi</li> </ul> <p><b>Frásögn:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sagt í einföldu máli frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum</li> <li>• sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.</li> </ul> <p><b>Menningarlæsi:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu skóla, frítíma og</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• fræðast um tilgang og mikilvægi þess að læra ensku og önnur tungumál</li> </ul>		
---	--	--	--	--



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans menningu</p> <p><b>Námshæfni:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• tengt ný viðfangsefni við eigin reynslu</li><li>• tekið þátt í hóp og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.</li></ul>				
--	--	--	--	--





## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Upplýsinga- og tæknimennt

Með eflingu upplýsinga- og miðlalæsis nemenda er þeim hjálpað til að öðlast tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin snýr að getu þeirra til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir. Í tæknilæsi nýta nemendur tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni. Upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Út frá þessum þáttum verða nemendur læsir á texta, myndir og töluleg gögn og ná góðri færni í fingrasetningu. Undir upplýsinga- og tæknimennt heyrir m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Upplýsinga- og miðlalæsi snýst um hvaða upplýsingar þarf að nálgast og nota, leita að og meta með áreiðanleika í huga. Huga þarf að því hvernig nálgast á og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Nemendur öðlast hæfni í að tileinka sér færni í að umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Mikilvægt er að nemendur skilji, að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli, sem þeir efla alla ævi, bæði í námi og starfi.

**Vinnulag:**

**Námsmat:**

**Kennarar:**

**Tímaáætlun:**



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Upplýsinga-og tæknimennt

#### Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> <li>• öðlist skilning á þeim áhrifum sem fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan,</li> <li>• áttar sig á styrkleikum sínum og áhugasviði</li> <li>• þekkir styrkleika sína og byggir upp góða sjálfsmynd.</li> <li>• læri rétta líkamsbeitingu,</li> <li>• skilur að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli sem hann eflir alla ævi, bæði í námi og starfi.</li> </ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virðir jafnan rétt einstaklinga</li> <li>• fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum,</li> <li>• fái jöfn tækifæri til sköpunar.</li> </ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur valið sér viðfangsefni út frá áhugasviði og styrkleika,</li> <li>• ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins,</li> <li>• tileinkar sér lýðræðisleg vinnubrögð,</li> <li>• virða siðferði í meðferð upplýsinga og heimilda og sýna víðtæka hæfni í notkun tækni og miðlunar.</li> </ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sé læs á upplýsinga- og miðlaæsi,</li> <li>• þekki til umræðuhefðar og orðanotkunar tungumálsins,</li> <li>• geti lagt mat á og rýnt margvíslega texta og mismunandi miðla.</li> </ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tekist á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags, margvísleg álitamál og ágreiningsefni,</li> <li>• geri sér grein fyrir eigin velferð og annarra í samskiptum á veraldarvefnum,</li> <li>• þjálfist í að beita gagnrýnni hugsun og setja sig í spor annarra,</li> </ul>

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• geri sér grein fyrir ábyrgð sinni á samfélagsmiðlum.</li> </ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýti tæknina á jákvæðan og skapandi hátt,</li> <li>• virki hugmyndaflugið til að vinna að og finna lausnir,</li> <li>• nýtir ímyndunaraflíð til að leika sér með ýmsa möguleika á samskiptamiðlum,</li> <li>• geti komið frá sér efni á sem fjölbreytilegastan hátt.</li> </ul>

Upplýsinga- og tæknimennt í 3.- 4. bekk:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	B matsviðmið Nemandi getur:
Vinnulag og vinnubrögð <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði,</li> <li>• beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningum.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með ýmsa námsvefi og smáforrit í tengslum við ritunar- og lestrarverkefni,</li> <li>• þjálfun í fingrasetningum og mismunandi framsetningu á textum.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt vel hugbúnað og forrit við verkefnavinnu, sjálfstætt og í samvinnu við aðra,</li> <li>• getur beitt undirstöðuatriðum í fingrasetningu.</li> </ul>
Upplýsingaöflun og úrvinnsla <ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna,</li> <li>• leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu,</li> <li>• nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með ýmsa námsvefi og smáforrit í tengslum við stafainnlögn, lestur og ritun,</li> <li>• nýta gagnvirk náms- og leikjaforrit,</li> <li>• leita að upplýsingum á Veraldarvefnum og vitna í þær,</li> <li>• gera einfaldar kannanir</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað að upplýsingum í ólíkum miðlum og nýtt á gagnlegan og skapandi hátt,</li> <li>• nýtt rafrænt og gagnvirk námsefni.</li> </ul>

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>einföldum tölulegum gögnum,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni,</li> <li>• unnið með heimildir.</li> </ul>		<p>og flokka tölu- og gagnasöfn og setja niðurstöður fram á myndrænan hátt.</p>		
<p>Tækni og búnaður</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað einfaldan hugbúnað/forrit við myndvinnslu,</li> <li>• nýtt hugbúnað við einfalda vefsmíð.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með letur, hljóð og myndir í ýmsum smáforritum,</li> <li>• einföld forritunarverkefni, t.d. hreyfimyndagerð.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• geti nýtt sér þann tækniþúnað sem hann hefur aðgang að.</li> </ul>
<p>Sköpun og miðlun</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• umræður og jafningjafræðsla,</li> <li>• stuttar kynningar þar sem nemandinn kemur með dæmi um miðlalæsi.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur lýst á einfaldan hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.</li> </ul>
<p>Siðferði og öryggismál</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• fyrirlestrar og klípusögur um meðferð persónuupplýsinga og mynda á Veraldarvefnum sem og samskiptamiðlum af ýmsum toga.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkir helstu reglur um ábyrga netnotkun og getur farið eftir þeim</li> </ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### **Skólaípróttir**

Megintilgangur skólaípróttanna er að efla líkamlegt og andlegt heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Nemendur fræðast um mikilvægi hreyfingar og heilsuefningar. Þeir kynnast fjölbreyttum þjálfunaraðferðum sem auka færni þeirra og þekkingu á eigin líkama. Nám í skólaípróttum styrkir, stuðlar að og eykur sjálfstraust, betri líkamsvitund og andlega vellíðan. Gott líkamlegt ástand og markviss hreyfing hefur jákvæð áhrif á námsárangur barna og unglunga. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að tengja saman jákvæð áhrif markvissrar hreyfingar, heilbrigðs lífennis og velferðar til framtíðar. Skólaípróttir skiptast í ípróttir og sund.

### **Vinnulag:**

### **Námsmat:**

### **Kennarar:**

### **Tímaáætlun:**



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Skólaíþróttir

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð :	<ul style="list-style-type: none"> <li>• áttar sig á líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til framtíðar,</li> <li>• þekkir samspil næringar og hvíldar og áhrif þess á líkamann,</li> <li>• temur sér holla lífshætti og stundar daglega hreyfingu,</li> <li>• þekkir uppbyggingu reglubundinnar hreyfingar og þekkir sín mörk,</li> <li>• nýtur þess að taka þátt í leikjum og stundar íþróttir, líkams- og heilsurækt með félagsleg samskipti að leiðarljósi.</li> </ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> <li>• stundar fjölbreytta hreyfingu án fordóma og nýtur sín á eigin forsendum,</li> <li>• ber virðingu fyrir öðrum og tekur þátt í samvinnu,</li> <li>• nýtir styrkleika sína í íþróttum og sundi óháð kyni.</li> </ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• virðir leikreglur og skilur mikilvægi þeirra,</li> <li>• getur unnið og starfað með öllum og metur alla að jöfnu,</li> <li>• getur valið sér hreyfingu við hæfi út frá styrkleika og áhugasviði.</li> </ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> <li>• getur tekið sigri jafnt sem tapi,</li> <li>• getur leitað sér upplýsinga um heilsu og heilbrigði í mismunandi miðlum með gagnrýnum hætti,</li> <li>• getur lesið úr töflum og gröfum um hreysti, næringu og heilsu,</li> <li>• er meðvitaður um þau áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan,</li> <li>• þekkir áhrif leikja og þjálfunar á helstu líffæri eins og hjarta og lungu en einnig á vöðva- og taugakerfið.</li> </ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sér tækifæri til hreyfingar og íþróttaiðkunar í umhverfinu og í náttúrunni,</li> <li>• áttar sig á kostum þess að temja sér vistvænan ferðamáta, s.s. ganga</li> </ul>

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	eða hjóla.
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• sér tækifæri til skapandi leikja í nánasta umhverfi og í náttúrunni.</li> <li>• nýtir sér hreyfingu til eigin sköpunar, hamingju og frelsis,</li> <li>• er fær um að hanna og skipuleggja eigin hreyfingu.</li> </ul>

Skólaþróttir við lok 4. bekkjar:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
Líkamsvitund, leikni og afkastageta <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert æfingar sem reyna á þol,</li> <li>• tekið þátt í stöðluðum prófum,</li> <li>• synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• leikir sem efla leikni og útsjónarsemi og þol,</li> <li>• boltaleikir og leikir í sal og nærumhverfi,</li> <li>• mælingar og stöðluð próf,</li> <li>• stílsunds- og grunnæfingar í laug fyrir helstu sundaðferðir.</li> </ul>		
Félagslegir þættir <ul style="list-style-type: none"> <li>• gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• æfingar sem efla sjálfstraust og viljastyrk.</li> </ul>		
Heilsa og efling þekkingar <ul style="list-style-type: none"> <li>• þekkt heiti helstu líkamshluta, magn – og afstöðuhugtaka og</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• fræðsla um umhirðu líkamans,</li> <li>• fræðsla um markmið æfinga og leikja.</li> </ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>hreyfinga,</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• sett sér einföld þjálfunarmarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.</li></ul>				
<p>Öryggis – og skipulagsreglur</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• farið eftir öryggis-, skipulags- og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>• aðstoði við að ganga frá áhöldum á réttan og öruggan hátt,</li><li>• umræður um markmið æfinga og leikja og verkefnum um gildi hreyfinga,</li><li>• fái fræðslu og þjálfun í réttri líkamsbeitingu,</li><li>• skyndihjálp.</li></ul>		





## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### List- og verkgreinar

#### Sjónlistir/myndmennt, sviðslistir/dans, leiklist, tónmennt

Megintilgangur með námi í list- og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunarflið, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vege og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna. Listir og verkþekking myndar stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Námið í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði.

**Vinnulag:**

**Námsmat:**

**Kennarar:**

**Tímaáætlun:**



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Listgreinar

#### Grunnbættir menntunar

Grunnpáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"><li>• hefur jákvæð viðhorf gagnvart umhverfi, náttúru og samfélagi,</li><li>• kann að umgangast efni og áhöld af varkárni,</li><li>• hefur jákvæða sjálfsmynd og skilning á eigin tilfinningum og annarra,</li><li>• notar rétta líkamsbeitingu.</li><li>• skilur áhrif sem menning, fjölmiðlar og tækni geta haft á heilsu og líðan,</li><li>• getur tekið þátt í umræðum og samvinnu og tekið sjálfstæðar ákvarðanir.</li></ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"><li>• hefur víðsýni og gagnrýna hugsun,</li><li>• þekkir mismunandi listform,</li><li>• þekkir list frá mismunandi menningarheimum,</li><li>• veit að list hefur verið/er notuð sem verkfæri í baráttu fyrir mannréttindum.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• getur tjáð tilfinningar sínar og skoðanir í listsköpun,</li><li>• ber virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, óháð lífsháttum, siðum og skoðunum,</li><li>• ber virðingu fyrir eigin verkum og annarra,</li><li>• tekur þátt í listsýningum og öðrum listrænum viðburðum,</li><li>• temur sér siðferðileg gildi í umgengni sinni við aðra.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• þekkir fjölbreytta miðla og myndmál,</li><li>• er læs á menningu og menningarverðmæti,</li><li>• er læs á grunnhugtök listgreina,</li><li>• les í umhverfið og gerir sér grein fyrir rýmisnotkun,</li><li>• les í og rýnir til gagns myndræn skilaboð í samfélaginu.</li></ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<b>Sjálfbærni</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• getur endurnýtt og skapað úr verðlausu efni,</li><li>• ber virðingu fyrir umhverfi sínu, náttúru og samfélagi,</li><li>• áttar sig á eigin vistspori og hnattrænum áhrifum þess,</li><li>• nýtir sér umhverfið til sköpunar og tengir við aðrar námsgreinar,</li><li>• tileinkar sér nýtni og nægjusemi.</li></ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• nýtir forvitni, áhuga og ímyndunarafl til að skapa og finna nýstárlegar lausnir,</li><li>• skilur að það eru margar leiðir að sama markmiðinu,</li><li>• nýtir sér verkkunnáttu í listsköpun sinni,</li><li>• sýnir frumkvæði,</li><li>• nýtir fjölbreyttan efnivið í listsköpun,</li><li>• nýtir tæknina á skapandi hátt,</li><li>• setur persónulegan blæ á verkefni sín,</li><li>• þróar og vinnur með eigin hugmyndir.</li></ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Sjónlistir/myndmennt

Vinnulag:

Námsmat:

Kennarar:

Tímaáætlun:

Sjónlistir/myndmennt við lok 3. - 4. bekkja:			
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsþættir	Hugmyndir að leiðum	Hugmyndir að matsviðmiðum
Sjónlistir/myndmennt <ul style="list-style-type: none"><li>þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni,</li><li>þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins,</li><li>greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka,</li><li>skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar,</li><li>útskýrt og sýnt vinnuferli</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>rannsóknarvinna og tilraunir,</li><li>sýnikennsla og sjónrænar kveikjur, s.s. Veraldarvefurinn og bækur,</li><li>umræðu- og spurnaraðferðir sem reyna á samræðu og gagnrýna hugsun,</li><li>vettvangsferðir til dæmis á söfn og sýningar,</li><li>útikennsla,</li><li>einstaklings, para- og hópavinna,</li><li>jafningjafræðsla,</li><li>fá gestakennara í heimsókn,</li><li>heimsóknir listamanna.</li></ul>	



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki, <ul style="list-style-type: none"> <li>greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.</li> </ul>			
--	--	--	--

### Sviðslistir/dans og leiklist

**Vinnulag:**

**Námsmat:**

**Kennarar:**

**Tímaáætlun:**

Sviðslistir við lok 3. - 4. bekkja:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
Dans <ul style="list-style-type: none"> <li>tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi og virt samskiptareglur,</li> <li>tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara,</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>tekið þátt í hreyfileikjum,</li> <li>dansað undirstöðu dansa í gömlum dönsum,</li> <li>dansað grunnspor í samkvæmisdönsum,</li> <li>dansað einstaklingsdansa,</li> <li>skilgreint dansstöðu/hald,</li> <li>tengt saman hreyfingu</li> </ul>		

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<ul style="list-style-type: none"> <li>• tekið tillit til jafningja í samstarfi og hlustað á hugmyndir þeirra og lagt fram eigin,</li> <li>• rætt um hreyfingu í takt við tónlist út frá persónulegri upplifun.</li> </ul>		<p>og tónlist í dansi,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hópa-, para- og einstaklingsvinna,</li> <li>• sýnikennsla,</li> <li>• frjáls tjáning.</li> </ul>		
<p>Leiklist</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi,</li> <li>• notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína,</li> <li>• lært stuttan texta og flutt hann á skýran hátt fyrir áhorfendur,</li> <li>• sett sig í spor annarra í leikrænu ferli / hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• taka þátt í flutningi á stuttum leikþáttum fyrir framan áhorfendum,</li> <li>• búa til stutta leikþætti, t.d. út frá sögu, ævintýrum og myndum,</li> <li>• upplestur á eigin efni og efni annarra,</li> <li>• hópeflis- og hlutverkaleikir,</li> <li>• ævintýraleikir,</li> <li>• spuni og leikrænar klípusögur,</li> <li>• kyrrmynd.</li> </ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>persóna,</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• beitt einföldu formi leiklistar,</li><li>• bent á leikið efni og ólík hlutverk þess í mismunandi samhengi,</li><li>• lýst leiknu efni á sviði og / eða í myndmiðlum út frá söguþræði, innihaldi og persónum í verkinu.</li></ul>				
--	--	--	--	--



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Sviðslistir/tónmennt

Vinnulag:

Námsmat:

Kennarar:

Tímaáætlun:

Tónmennt við lok 3. - 4. bekkja:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Hugmyndir að leiðum	Tillaga að matsviðmiðum
Tónmennt <ul style="list-style-type: none"><li>greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna,</li><li>leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri,</li><li>tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt,</li><li>greint einföld stílbrigði í tónlist</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Ýmsar söngbækur</li><li>Ýmis hljóðfæri</li><li>Tölva</li><li>Myndbönd</li><li>Píanó</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>vinna með skólahljóðfæri,</li><li>söngur,</li><li>söngleikur,</li><li>leikir,</li><li>hlustun og umræður,</li><li>hópavinna,</li><li>æfa hrynmynstur með klappi og hljóðfærum,</li><li>söngleikur,</li><li>tónsköpun,</li><li>umræður,</li><li>nota tölur í tónsköpun,</li><li>horfa á fræðslumyndir</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Söngur</li><li>Raddbeiting</li><li>Hlustun</li><li>Sköpun</li><li>Hrynur</li><li>Hljóðfæranotkun</li></ul>	Munnleg umsögn kemur fram í mentor haust- og vorönn.





## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>(t.d. íslenskt þjóðlög),</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun,</li><li>• þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun.</li><li>• Unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum.</li><li>• Komið fram við aðra af virðingu og kurteisi.</li><li>• farið eftir fyrirmælum.</li></ul>		<p>sem tengjast tónlist,</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• hljóðskreyta sögur, teikna við tónlist.</li></ul>		
--	--	--	--	--



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Verkgreinar

### Heimilisfræði, hönnun og smíði, og textílmennt

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"><li>• beitir rétttri líkamsstöðu við vinnu sína,</li><li>• nýtir styrkleika sína í vinnu,</li><li>• hefur sjálfstraust til að fara eigin leiðir að markmiðum sínum,</li><li>• gætir öryggi síns og annarra í meðferð efna og áhalda.</li></ul>
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"><li>• sýnir umburðarlyndi og tekur þátt í þroskandi vinnu með öðrum,</li><li>• tekur tillit til skoðana annarra og verka,</li><li>• þekkir og virðir mismunandi hefðir í fjölmenningsþjóðfélagi.</li></ul>
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"><li>• kemur fram við aðra af tillitssemi og virðingu,</li><li>• temur sér siðferðileg gildi í umgengni sinni við aðra,</li><li>• vegur og metur viðfangsefni sín á gagnrýninn hátt,</li><li>• ber virðingu fyrir eigin gildismati og annarra.</li></ul>
Læsi	<ul style="list-style-type: none"><li>• tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast þeim,</li><li>• er læs á menningu og menningarverðmæti,</li><li>• er læs á mismunandi listform,</li><li>• er læs á tækni og getur nýtt sér leiðbeiningar við hönnun og sköpun.</li></ul>
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"><li>• notar leiðbeiningar á sjálfstæðan hátt við vinnu sína,</li><li>• sýnir frumkvæði og sjálfstæði og tekur virkan þátt í verkefnum,</li><li>• þróar með sér gagnrýna hugsun og nýtir hana á uppbyggilegan hátt,</li><li>• tileinkar sér nýtni og nægjusemi,</li><li>• áttar sig á eigin vistspori og hnattvænum áhrifum þess,</li><li>• temur sér heilbrigða lífshætti og hagsýni og upplifir sig sem hluti af heild,</li></ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

	<ul style="list-style-type: none"><li>• hefur vilja til náttúruverndar og virðingu fyrir fjölbreytileika náttúru og mannlífs.</li></ul>
<b>Sköpun</b>	<ul style="list-style-type: none"><li>• sýnir frumkvæði og nýtir tæknina á skapandi hátt,</li><li>• nýtir hæfileika sína á skapandi hátt,</li><li>• tekur þátt í skapandi menningarstarfi,</li><li>• leitar lausna á eigin forsendum og mótar viðfangsefni eftir eigin áætlun.</li></ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Heimilisfræði

Vinnulag:

Námsmat:

Kennarar:

Tímaáætlun:

Heimilisfræði við lok 3.-4. bekkjar:				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
Matur og lífshættir <ul style="list-style-type: none"><li>tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt,</li><li>valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan,</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>umræður um lífs- og matarvenjur og áhrif þeirra á líkama og líðan,</li><li>vettvangsferð í matvöruverslun,</li><li>rýnt í eigið mataræði.</li></ul>		
Matur og vinnubrögð <ul style="list-style-type: none"><li>nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir,</li><li>útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>unnið með ólíka miðla við leit að hollum uppskriftum,</li><li>verklegar æfingar í matargerð og bakstri,</li><li>para- og hópavinna,</li><li>útikennsla.</li></ul>		

## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>Matur og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• æfa sig í flokkun matarúrgangs og allt sem til fellur við heimilishald,</li> <li>• myndbönd og aðrir miðlar um sjálfbærni og endurnýtingu matvæla.</li> </ul>		
<p>Matur og menning</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• umræður og fræðsla um ýmsar hátíðar og siði og þjóðlegan mat,</li> <li>• verklegar æfingar tengdar borðhaldi,</li> <li>• umræður um mismunandi matarmenningu.</li> </ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Hönnun og smíði

Vinnulag:

Námsmat:

Kennarar:

Tímaáætlun:

Hönnun og smíði við lok 3. -4. bekkjar				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Kennsluhættir	Námsmat	Tillaga að matsviðmiðum
Handverk <ul style="list-style-type: none"><li>gert grein fyrir nokkrum smíðaeffnum sem unnið er með.</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>búa til möppu, ferilskistu með sýnishornum af smíðaeffnum,</li><li>leitast við að laða fram frumkvæði og sköpunargleði með nýsköpunarverkefnum.</li></ul>		
Hönnun og tækni <ul style="list-style-type: none"><li>unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit,</li><li>greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu og rætt nokkrar lausnir,</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>þarfaleit og umræður,</li><li>ferli frá hugmynd til afurðar,</li><li>sýnikennsla og verkefnavinna,</li><li>tilraunavinna.</li></ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<ul style="list-style-type: none"><li>• sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðisgripum, s.s. vogarafl, gorma og teygjur,</li><li>• framkvæmt einfaldar samsetningar.</li></ul>				
Umhverfi <ul style="list-style-type: none"><li>• valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi.</li></ul>		<ul style="list-style-type: none"><li>• ræða umhverfismál og endurnýtingu efnis,</li><li>• endurnýta efni í verkefni nemenda.</li></ul>		



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

### Textílmennt

**Vinnulag:** Hóp- og einstaklingskennsla

**Námsmat:** Símat og verkefnaeinkunn

**Kennarar:** Siv Heiða Franksdóttir

**Tímaáætlun:** Hópaskipting hálf ár í einu.

Textílmennt við lok 4. bekkjar				
Hæfniviðmið Nemandi getur:	Námsefni	Námsþættir	Kennsluhættir	Tillaga að matsviðmiðum
Handverk, aðferðir og tækni <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum,</li> <li>• unnið eftir einföldum leiðbeiningum,</li> <li>• unnið úr nokkrum gerðum textílefna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Tæki og áhöld greinarinnar</li> <li>• Fjölbreytt textílefni</li> <li>• Endurnýtanlegt efni</li> <li>• Snið</li> <li>• Uppskriftir</li> <li>• Bækur</li> <li>• Blöð</li> <li>• Skissubók</li> <li>• Vinnulýsingar</li> <li>• Efni frá kennara</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nota áhöld sem tilheyra greininni,</li> <li>• fara eftir leiðbeiningum kennara við vinnu,</li> <li>• læra á saumavélar,</li> <li>• læra undirstöðu í prjóni og hekli,</li> <li>• kynnast nokkrum gerðum textílefna,</li> <li>• þæfa flatt stykki eða kúlu,</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Innlagdir</li> <li>• Sýnikennsla</li> <li>• Verklegrar æfingar</li> <li>• Einstaklingsvinna</li> <li>• Sjálfstæð vinnubrögð</li> <li>• Jafningjarfræðsla</li> <li>• Hugtök</li> <li>• Hönnun og sköpun</li> <li>• Persónulegar útfærslur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að fylgja leiðbeiningum</li> <li>• Frumkvæði og sköpun</li> <li>• Vinnusemi</li> <li>• Vandvirkni</li> <li>• Viðhorf</li> </ul>
Sköpun, hönnun og útfærsla <ul style="list-style-type: none"> <li>• tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu,</li> <li>• skreytt textílvinnu á einfaldan hátt,</li> <li>• gert grein fyrir</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna útsaumsverkefni eftir eigin munstri,</li> <li>• vinna verkefni í ullarþæfingu, prjóni og vélsaumi,</li> <li>• vinna með hugtök sem</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sjálfstæði í vinnubrögðum og geta til að fylgja leiðbeiningum</li> <li>• Frumkvæði og sköpun</li> </ul>



## Skólanámskrá 4. bekkur 2016-2017

<p>mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.</li> </ul>		<p>tengjast textíl,</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• leita upplýsinga um textíl á t.d. veraldarvefnum.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnusemi</li> <li>• Vandvirkni</li> <li>• Viðhorf</li> <li>• Verkefni metin til einkunna</li> </ul>
<p>Menning og umhverfi</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• notað ný og endurunnin efni í textílvinnu,</li> <li>• sagt frá nokkrum tegundum textílefna,</li> <li>• fjallað um mismunandi klæðnaði fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• vinna með íslensku ullina,</li> <li>• fræðast um uppruna ullarinnar og notagildi hennar,</li> <li>• fræðast um fatnað fyrr og nú,</li> <li>• fá innsýn í endurvinnslu fatnaðar.</li> </ul>		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnusemi og virkni</li> </ul>